

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 5/97
frá 14. mars 1997**

um breytingu á IV. viðauka (Orka)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96 frá 31. maí 1996⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2964/95 frá 20. desember 1995 um að taka upp skráningu vegna innflutnings og afgreiðslu á hráolíu í bandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað 5. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1893/79) í IV. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„5. 395 R 2964: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2964/95 frá 20. desember 1995 um að taka upp skráningu vegna innflutnings og afgreiðslu á hráolíu í bandalaginu (Stjtið. EB nr. L 310, 22. 12. 1995, bls. 5).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 237, 19. 9. 1996, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 19. 9. 1996, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 310, 22. 12. 1995, bls. 5.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki um Ísland og Liechtenstein, svo fremi þessi ríki hvorki flytji inn né afgreiði hráolíu.””.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2964/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 14. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner